

L Ö G

um fangelsi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem í eru 700 íbúar eða fleiri, skal reisa fangelsi, til þess að geyma í gæzlufanga og aðra, sem teknir hafa verið fastir um stundarsakir.

2. gr.

Kostnaður af byggingu fangelsa greiðist að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar-sjóði eða sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði, og skal, meðan þörf er á, árlega veitt fé í þessu skyni í fjárlögum.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn eða hreppsnefnd nauðsyn á, að fangelsi sé reist á staðnum, og skal hún þá snúa sér til dómsmálaráðherra með beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni. Slíkri beiðni skal fylgja skýrsla um nauðsynina, nákvæm áætlun um kostnað og uppdráttur að gerð hússins.

4. gr.

Ef fleiri beiðnir berast ráðherra en fjárveiting leyfir að teknar séu til greina, skal hann velja úr og veita féð þar, sem þörfin telst mest.

5. gr.

Ráðherra hefir þá íhlutun um byggingu fangelsa, sem nauðsynleg er til þess að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

6. gr.

Nú er fangelsi á staðnum, en það þarfnast endurbóta eða viðauka, og skal þá að öllu svo með fara sem segir í 1.—5. gr.

7. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til, að afplána megi sektir, einfalt fangelsi og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fangelsum þeim, sem ræðir um í lög-

um þessum, þó ekki lengur en 2 mánuði, enda sé fangelsi svo vel útbúið, að fögum sé engin hættu búin.

29

1. febr.

8. gr.

Rekstrarkostnaður fangelsa þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, þar með talið hegningarhúsið í Reykjavík, greiðist að hálfu úr rikissjóði, en að hálfu úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Að öðru leyti setur dómsmálaráðherra með reglugerð fyrir mæli um rekstur fangelsa og annað, er þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

30

1. febr.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Bætur skipverja samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómannalaganna, nr. 41 19. maí 1930, skulu hafa lögveðsrétt í vátryggingarfé skips og farmgjalds og ganga á undan sammingsbundnum veðum. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféd af höndum fyrr en 2 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.